



LANDBÓTASJÓÐUR NORÐUR HÉRAÐS

Ársskýrsla 2016

Egilsstaðir, febrúar 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2016.....	1
3	Framkvæmdir árið 2016.....	2
3.1	Landgræðsluaðgerðir á Jökuldalsheiði.....	3
3.1.1	Vaðbrekkuháls.....	3
3.1.2	Hrafnkelsdalur.....	4
3.1.3	Skænudalur/Sveifarhæð	4
3.1.4	Faxahús.....	4
3.1.5	Glúmstaðadalur	4
3.1.6	Hallarfjall	4
3.1.7	Laugarvalladalur.....	4
3.1.8	Múli	4
3.1.9	Brú.....	4
3.1.10	Grunnavatnsalda.....	4
3.1.11	Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)	4
3.1.12	Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir	5
3.1.13	Skjöldólfsstaðhnjúkur.....	5
3.2	Landgræðsluaðgerðir á áreyrum.....	5
3.2.1	Hólmatunga/Hnitbjörg	5
3.2.2	Galtastaðir	5
3.2.3	Litli - Bakki	5
3.3	Framlag til bænda.....	5
3.4	Kort af framkvæmdum sjóðsins.	5
4	Árangursmat - skipulagning aðgerða.....	11
4.1	Jökuldalsheiðin.....	11
4.1.1	Vorskoðun	11
4.1.2	Haustskoðun	14
4.2	Áreyrar	19
4.2.1	Vorskoðun	19
4.2.2	Haustskoðun	21
4.3	Bændadreifing	22

5 Fundargerðir stjórnar og opnir kynningarfundir 2016 23

- 5.1 Fundargerð 76. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 20.01.2016 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum..... 23
- 5.2 Fundargerð 77. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 03.02.2016 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum..... 24
- 5.3 Fundargerð 78. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 09.03.2016 fundurinn er haldinn í Brúarásskóla. 25
- 5.4 Fundargerð 79. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs þriðjudaginn 28.06.2016 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum. 26
- 5.5 Fundargerð 80. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 16.12.2016 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum..... 28
- 5.6 Opinn kynningarfundur á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs, haldinn í Brúarási 9. mars 2016, kl. 20:00..... 29

6 Ársreikningur 33

Myndaskrá

- Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin 1
- Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins. 1
- Mynd 3: Kort af syðstu svæðunum. 6
- Mynd 4: Brú og nágrenni. 7
- Mynd 5: Grunnavatnsalda og nágrenni. 8
- Mynd 6: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlíð, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldólfsstaðahnjúkur..... 9
- Mynd 7: Áreyrar Jöklu 10
- Mynd 8: Skriða utan Þverár í umsjón unglingahóps. Ber orðið lítið á raskinu..... 11
- Mynd 9: Efst í Skænuadalur. Borið var á þetta svæði í þriðja sinn sumarið 2016. Sjá má áhrif áburðar frá sumrinu 2015 í vorgræðingnum. 11
- Mynd 10: Skænuadalur. Sama og mynd 9. Búið að breiða 2 sinnum..... 12
- Mynd 11: Inn á Sveifarhæð. Fékk áburð í fyrsta sinn 2015..... 12
- Mynd 12: Víðitorfan á Sveifarhæð..... 12
- Mynd 13: Sami staður og mynd 12. Ummerki um gæsabeit. Torfan áborin í þrjú ár..... 12
- Mynd 14: Hallarfjall. Breitt í fyrsta sinn sumarið 2015..... 12
- Mynd 15: Laugarvalladalur. Innan við Vesturdalsá sem fékk áburð síðast 2014..... 12
- Mynd 16: Laugarvalladalur. Haldið var áfram að styrkja svæðið utan við Vesturdalsá..... 13
- Mynd 17: Laugarvalladalur. Svæðið svarar vel áburðargjöf. Talsverð gæsabeit..... 13
- Mynd 18: Laugarvalladalur. Þessar hæðir eru „friðaðar“ fyrir áburðargjöf! 13
- Mynd 19: Víða sjást jarðvegsleifar í Laugavalladal. Vikrar og sandorpin svæði áberandi. 13
- Mynd 20: Múli. Borið var á rana niður að ánni 2015. Sett var á svæði í forgrunni í sumar... 13
- Mynd 21: Góður árangur af breiðslu áburðar í Múla og gróður um margt fjölbreyttur..... 13
- Mynd 22: Grunnavatnsalda. Þessi hluti var áborinn sumarið 2016. 14
- Mynd 23: Grunnavatnsalda. Áborið sumarið 2015..... 14

Mynd 24: Skriða utan við Þverá. Uppgræðsla gengur mjög vel.	14
Mynd 25: Vaðbrekkuháls. Borið var á norðurhlíðina í sumar.	14
Mynd 26: Rofabörð í Hrafnkelsdal í vinnslu. Árangur eftir atvikum góður.	15
Mynd 27: Skænudalur. Kominn tími á enduráburðargjöf á neðri hluta dalsins.	15
Mynd 28: Út Sveifarhæð frá Hatti. A.m.k. þrjú stig gróðurstyrkingar á hæðinni.	15
Mynd 29: Séð yfir Faxagilssvæðið. Tók vel við áburði í upphafi en hlutar komnir „á tíma“.	15
Mynd 30: Við Faxagil. Innsti hluti svæðisins var áborinn sumarið 2016.	15
Mynd 31: Dæmigerð gróðurþekja víða á Faxagilssvæðinu. Mörg ár síðan borið var á hér.	15
Mynd 32: Laugarvalladalur tekur ágætlega við áburði sumarsins.	16
Mynd 33: Laugavalladalur.	16
Mynd 34: Laugavalladalur. Talsvert er um melgresi í dalbotni, til merkis um fok á svæðinu.	16
Mynd 35: Laugarvalladalur.	16
Mynd 36: Laugarvalladalur. Mikil gæsabeit er á svæðinu.	16
Mynd 37: Laugavalladalur. Svæðið innan við Vesturdalsá. Fékk áburð síðast 2014.	16
Mynd 38: Laugarvalladalur. Meltoppurinn tekið vel við sér við áburðargjöf sumarsins.	17
Mynd 39: Í mynni Laugarvalladals. Vatnsgæðin könnuð.	17
Mynd 40: Múli. Miðhluti neðra svæðis var áborinn í sumar.	17
Mynd 41: Múli. Raninn niður fjær var áborinn 2015.	17
Mynd 42: Grænöxl. Glögg skil áburðardreifingar.	17
Mynd 43: Inn með Ánavatnsöldu eru víða erfið rofabörð sem unglingahópur er að vinna í...	17
Mynd 44: Ánavatnsalda. Unnið var áleiðis inneftir öldunni í sumar.	18
Mynd 45: Á Ánavatnsöldu.	18
Mynd 46: Toddastykki.	18
Mynd 47: Sandburður inn á gróðurtorfurnar í Toddastykki.	18
Mynd 48: Toddastykki.	18
Mynd 49: Toddastykki.	18
Mynd 50: Galtastaðeyri.	19
Mynd 51: Galtastaðeyri. Búið að breiða þetta svæði tvisvar.	19
Mynd 52: Galtastaðeyri. Leirburður algengur á hluta svæðisins.	19
Mynd 53: Holurt.	19
Mynd 54: Víða mjög góður árangur á eyrunum. Þetta hefur fengið áburð tvisvar.	20
Mynd 55: Gróðurþekja innarlega á ytri Galtastaðeyri. Sami staður og mynd 54.	20
Mynd 56: Melgresistoppar að koma sér fyrir.	20
Mynd 57: Galtastaðeyri ytri. Svæðið næst ánni er breitt í fyrsta sinn í sumar.	20
Mynd 58: Eyrarrós.	20
Mynd 59: Alaskavíðir hefur víða náð rófestu á eyrunum en verður oft fyrir áföllum.	20
Mynd 60: Litla-Bakkaeyri. Hluti hennar var áborinn í sumar.	21
Mynd 61: Galtastaðeyri innri. Beringspunti sáð í upphafi. Ljós. Baldur Grétarsson.	21
Mynd 62: Galtastaðeyri innri. Melgresið leit ágætlega út. Fékk áburð síðast 2015.	21
Mynd 63: Surtstaðeyri. Fær áburð í sumar.	21
Mynd 64: Hnitbjörg. Borið var á svæðið í sumar. Svæðið hefur reynst fremur erfitt í uppgæðslu og er auk þess undir nokkru beitarálagi.	21
Mynd 65: Hnitbjörg. Tekið á svipuðum slóðum og myndin hér til hliðar.	21
Mynd 66: Hnitbjörg. Rakinn í lænum hjálpar.	22
Mynd 67: Hnitbjörg.	22

Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Rúnari Inga Hjartarsyni nema annað sé tekið fram. Hann sá einnig um korta- og gagnavinnslu og tók saman efni skýrslunnar.

1 Inngangur

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður af þáverandi sveitarfélagi Norður-Héraði fyrir framlag Landsvirkjunar. Aðal markið þess er að græða upp land a.m.k. til jafns við það gróðurlendi sem tapaðist undir Hálslón. Einnig á sjóðurinn að standa að uppgræðslu á áreyrum Jökulsár á Dal en með minnkun vatnsmagns eykst hætta á uppfoki á áreyrum. Með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar tapaðist um 32 km² af grónu landi undir Hálslón. Unnið hefur verið að þessari uppgræðslu frá árinu 2003 aðallega með því að bera tilbúinn áburð á lítt eða ógróið land innan áhrifasvæðis virkjunarinnar og örva þannig náttúrulega framvindu gróðurs á svæðinu. Ráðgjafarnefnd sjóðsins hefur haft umsjón með uppgræðsluaðgerðum, áætlanagerð og árangursmati og verktakar hafa unnið að dreifingu áburðar og fræs eftir því sem við á. Unglingavinnuflokkar Landsvirkjunar hafa og komið að dreifingu áburðar og fræs, aðallega í rofabörð þar sem vélar komast illa að.

2 Heildarstaða uppgræðslunnar 2003 - 2016


Unnið hefur verið að uppgræðslu á vegum Landbótasjóðs N-Héraðs frá 2003. Á þessum árum hefur verið unnið að uppgræðslu á um 6.031 ha lands. Sum svæði hefur verið farið oft um og jafnvel árvisst um einhverra ára bil en annað þurft (eða fengið) minni stuðning. Yfirleitt er árangur ágætlega áberandi og oft mjög góður. Einnig eru dæmi um svæði þar sem uppgræðsla hefur ekki tekist sem skyldi enn sem komið er. Á það helst við um áreyrarnar neðan til í Jökulsá á Dal en flóð í ánni gera uppgræðslu erfiða. Uppgræðslusvæðin eru því mislangt á veg komin í gróðurframvindu.

Tafla 1: Taflan sýnir umfang svæða alls sem sjóðurinn hefur framkvæmt á til 2016


Svæði	ha
Heiði	4.889
Áreyrar	557
Bændadreifing	585
Samtals	6.031

Í töflu 1 eru tíundaðar helstu stærðir svæða sem farið hefur verið í. Unglingadreifing er innifalin í tölunum þar sem hún á við enda að jafnaði mjög afmarkaðir og brotnir skikar sem þeir sinna. Bændasvæðin eru þau svæði sem einstaka bændur hafa fengið framlög til að sinna á sínum jörðum úr sjóðnum. Heiðin er Jökuldalsheiði, Brúaröræfi, og svæði sem sjóðurinn hefur haft forgöngu um að græða.

Á myndum 1 og 2 má sjá magnið af áburði annars vegar og fræi hins vegar sem sjóðurinn hefur breitt ár hvert frá upphafi.



Mynd 1: Sýnir tonnafjölda áburðar sem borin hafa verið á á vegum sjóðsins.



Mynd 2: Sýnir kg fræs sem dreift hefur verið á vegum sjóðsins.

3 Framkvæmdir árið 2016

Uppgræðsluframkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs héldu áfram á árinu 2016 með dreifingu á tilbúnum áburði og sáningu á grasfræi á rofsvæðum uppi á heiði og á áreyrum Jökulsár á Dal. Alls var dreift 175 tonnum af áburði á 1.063 hektara lands og auk þess handdreift 140 kg af túnvingulsfræi. Áburðartegundin sem var notuð var Völlur 27-12 frá Búvís. Þetta er umtalsverð aukning frá árunum á undan.

Verktakarnir sem unnu við uppgræðsluframkvæmdir Landbótasjóðs N-Héraðs voru Agnar Benediktsson, Snæbjörn Ólason og Jón Björgvin Vernharðsson sem skiptu með sér áburðardreifingu á heiðinni og áreyrum Jöklu. Sigurður Jónsson sá um flutninginn á áburðinum. Unnið var að uppgræðslu dagana 5. -12. júlí. Byrjað á heiðinni og endað á áreyrum.

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann eins og á árunum á undan að uppgræðslustörfum fyrir Landbótasjóð N-Héraðs. Sú vinna hófst þann 11. júlí og lauk um mánaðarmótin júlí/ágúst. Arnór Benediktsson stýrði hópnum og unglingarnir skiptust eitthvað út hverja viku. Vinna þeirra er mikilvægur hluti í uppgræðslu á rofabörðum og svæðum sem eru illa aðgengileg tækjum.

Bændur/landeigendur sáu í mörgum tilvikum sjálfir um það sem þeim var úthlutað undir liðnum „Framlög til bænda“. Mismunandi var hvenær svæði þeirra opnuðust en yfirleitt tókst að breiða á svæðin í júlí.

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau svæði sem breidd voru og magn áburðar og fræs á hverjum stað fyrir sig. Einnig er vísað til korta af svæðinu.

Tafla 2: Yfirlit svæða sem áborin voru sumarið 2016.

Skýring	2016 Aðgerðir			
	Ha	Tonn	kg/ha	Sekkir *)
Brú - Grænöxl	72	11,5	160	23
Brú - Vörðuhraun	64	10,0	156	20
Gildra (Sænautasel)	55	10,5	191	21
Grunnavatnsalda	120	19,0	158	38
Hallarfjall	54	6,0	111	12
Hrafnkelsdalur	9	2,0	222	4
Laugavalladalur	82	13,0	159	26
"Toddastykki"	25	5,0	200	10
Botnahraun	45	6,0	133	12
Langahlíð	61	10,0	164	20
Háreksst. utan við veg	26	4,0	154	8
Múli	38	6,0	158	12
Skænudalur/Sveifarhæð	37	5,5	149	11
Skjöldólfsstaðahnjúkur	19	3,0	158	6
Faxahús	70	13,0	186	26
Glúmstaðadalur	15	3,0	200	6
Vaðbrekkuháls	36	7,5	208	15
Dýjafjöll	14	2,5	179	5
Eiríksstaðir	13	2,5	192	5
Hákonarstaðir	14	2,5	179	5
Hnefilsdalur	20	2,5	125	5
Merki	13	2,5	192	5
Mælivellir	13	2,5	192	5
Teigasel	31	2,5	81	5
Þríhyrningsvatn		0,5		1
Galtastaðir	54	8,5	157	17
Litla-Bakkaeyri	18	2,5	139	5
Hólmatunga eyrar	45	7,0	156	14
"Handáburður" - ungl.		4,0		8
	1.063	175,0		350

*) 500 kg sekkir

3.1 Landgræðsluaðgerðir á Jökuldalsheiði

Á heiði var breitt 139 tonnum af áburði á um 828 ha lands. Þar af var tæpleg 135 tonnum véldreift af verktökum. Unglingar frá vinnuflokki Landsvirkjunar handdreifðu rúmlega 4 tonnum í skriður og rofabörð og 500 kg var dreift í rofsvæði við Þríhyrningsvatn. Auk þess sáði unglingahópurinn 140 kg af húðuðum túnvingli með áburðardreifingunni.

3.1.1 Vaðbrekkuháls

Áburður var breiddur á nyrðri hlið hálsins sumarið 2016 en ekki hafði verið unnið á hálsinn í nokkur ár. Breiddir voru þarna 36 ha með 7,5 tonnum af áburði.

3.1.2 Hrafnkelsdalur

Í Hrafnkelsdal var breitt um 9 ha svæði á milli Vaðbrekku og Aðalbóls, á svæði utan við Mósnes sem hafði ekki fengið áburð í nokkur ára. Að mestu leiti var dreift með vélum, 2 tonn af áburði en auk þess handdreift í rofabörð, aðallega á milli Aðalbóls og Þórisstaða.

3.1.3 Skænudalur/Sveifarhæð

Breitt var á 37 ha svæði á Sveifarhæð með vélum. Unnið var á svæðum sem byrjað var á 2014 og í fyrra, yfir á víðinn efst á hæðinni, en var svæðið stækkað yfir hæðina til vesturs að gróðurtorfum sem þar eru. Á þetta fóru 5,5 tonn af áburði. Auk þess var handdreift í rofabörð í Hálsenda.

3.1.4 Faxahús

Innsti hluti svæðisins, að mestu neðan við veg, fékk 13 tonn af áburði sumarið 2016 og farið var yfir um 70 ha.

3.1.5 Glúmstaðadalur

Breitt var á innri hluta svæðisins, 15 ha og 3 tonn af áburði. Handdreift var í rofabörð.

3.1.6 Hallarfjall

Nýtt svæði var áborið í ár, norðan við þar sem slepti í fyrra, auk þess að bera á það sem fékk áburð í fyrsta sinn sumarið 2015. Alls var farið yfir 54 ha með 6 tonn af áburði.

3.1.7 Laugarvalladalur

Áburður var settur á allt það sem fékk í fyrsta sinn í fyrra utan við Vesturdalsá en auk þess svæðið stækkað út í dalsmynnið. Breitt var á 82 ha og 13 tonn af áburði notað. Þetta er nokkur aukning frá því í fyrra. Eyrar innan við Múla voru einnig breiddar.

3.1.8 Múli

Á Múla var breitt 6 tonnum á 38 ha lands. Að hluta til var farið á sama svæði og í fyrra en megin áherslan var á svæðið ofan við veg og yst en einnig neðstu brekkur á milli svæða sem breidd voru sumarið 2015.

3.1.9 Brú

Breitt var á 136 ha í landi Brúar og 21,5 tonn af áburði, bæði við Vörðuhraun og Grænöxl innsti hluti. Ekki hefur verið komist á þessi svæði öll ár vegna bleytu. Handdreift var áburði í rofabörð.

3.1.10 Grunnvatnsalda

Haldið var áfram með breiðslu þar sem frá var horfið í fyrra með töluvert meiri áburð að þessu sinni en undanfarin ár, 19 tonn á 120 ha. Svæðið er að mestu austan við vegslóða að þessu sinni og haldið inn eftir. Auk þess var um 1 tonni áburðar handdreift í börð og vatnsrásir á öldunni, t.d. við Heiðarsel og vegrás við Netselstanga.

3.1.11 Gildrusvæði (Norðan Ánavatns)

Að venju var borið á gildrusvæðið norður af Ánavatni. Nú fóru á það 10 tonn á 55 ha lands. Þetta árið var það innsti hluti svæðisins með Ánavatni sem fékk áburð en ekki varð komist á þann hluta í fyrra vegna bleytu. Einnig var sett á svæðið næst Sænautaseli auk þess sem 500 kg voru sett í nærumhverfi Sænautasels.

3.1.12 Botnahraun / Skollagrenisás / Langahlíð / Toddastykki / Háreksstaðir

Á svæðið allt fór 25 tonn af áburði á 157 ha og er það umtalsverð aukning frá fyrri árum. Hluti fór vestast utan í Þrívörðuháls. Í Lönguhlíð var sett á yst í hlíðinni, að hluta til á sama svæði og byrjað var á í fyrri, en einnig tengt gróðurtorfum þar utan við. Sett var á ása utan við veg við Háreksstaði og hluti fór á s.k. Toddastykki, norðan Skollagrenisáss. Á svæðinu var auk þess handbreiddur áburður í rofabörð með fræi, aðallega í Lönguhlíð, Botnahrauni og Toddastykki.

3.1.13 Skjöldólfstaðhnjúkur

Ábornir voru 19 ha með 3 tonnum af áburði, aðallega um austari hluta svæðisins. Ekki er komist á þessi svæði öll sumur á dreifingartíma vegna bleytu.

3.2 Landgræðsluaðgerðir á áreyrum

Á áreyrar var breitt á um 117 ha lands og notuð 18 tonn af áburði. Ásamt eyrum við Litlabakka og Galtastaði var borið á eyrar við Hnitbjörg nú eftir árshlé.

3.2.1 Hólmátunga/Hnitbjörg

Breitt var á innri hluta svæðisins sem ekki hafði fengið áburð um árabíl, alls 7 tonn á ha.

3.2.2 Galtastaðir

Tvær eyrar utan og innan við Galtastaði voru breiddar að hluta. Svæðið á ytri eyrinni sem fær áburð var stækkað til vesturs, nær ánni. Á innri eyrina var áherslan á miðhlutann en jaðarinn og melsvæðið höfðu fengið áburð árið á undan. Alls voru þarna breiddir 54 ha með 8,5 tonnum áburðar.

3.2.3 Litli - Bakki


Breitt var á efsta hluta af uppgræðslusvæðinu (næst bænum), á 18 ha, alls 2,5 tonn af áburði.

3.3 Framlag til bænda


Nokkrir einstaklingar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum til að sinna svæðum í sínu nánasta umhverfi. Í töflu 2 er þessi úthlutun tíunduð ásamt öðru. Alls eru þetta átta aðilar sem fá úthlutun og breiddu samtals um 118 ha til gróðurstyrkingar. Að mestu var unnið með vélum en í tilfelli Þríhyrningsvatns er um handdreifingu að ræða í rofabörð og opnanir.

3.4 Kort af framkvæmdum sjóðsins.


Á næstu síðum eru sýnd kort af helstu framkvæmdum sjóðsins. Á þeim má einnig lesa hvar áherslan hefur verið frá því áburðargjöf hófst á vegum verkefnisins. Litirnir gefa til kynna hve oft hefur verið farið yfir hvern 10*10m reit og þar með vísbending um hve mikla meðferð reiturinn hefur fengið.




Mynd 3: Kort af syðstu svæðunum.




Mynd 4: Brú og nágrenni.



Mynd 5: Grunnavatnsalda og nágrenni.



Mynd 6: "Svæði milli vega", Botnahraun, Langahlíð, „Toddastykki“ og Háreksstaðir, ásamt Skjöldófsstaðahnjúkur.



Mynd 7: Áreyrar Jöklu

4 Árangursmat - skipulagning aðgerða

Ráðgjafanefnd kom saman nokkrum sinnum á árinu 2016. Í henni sitja Baldur Grétarsson Fljótsdalshérað, Dagbjartur Jónsson Landsvirkjun og Rúnar Ingi Hjartarson Landgræðslunni. Nefndin er stjórn til ráðgjafar vegna tilboða í áburðakaup. Í ársbyrjun hvers árs vinnur nefndin áburðaráætlun sumarsins. Á vorin er farið um svæðin og lögð lokahönd á útfærslu breiðslu sumarsins og tillaga að skipulagi lögð fyrir stjórn til ákvörðunar. Ráðgjafanefndin annars svo verkstjórn með verktökum. Að hausti er árangur sumarsins metin og lögð drög að næstu skrefum.

4.1 Jökuldalsheiðin

Nokkuð snjópungt var á svæðunum um veturinn en voraði vel og kom gróður fljótt til er snjóá leysti. Áburðarbreiðsla fór því fram heldur fyrr en undanfarin ár, og má heita í meðallagi snemma, í byrjun júlí. Haustið var afar hagstætt og vatnsbúskapur yfirleitt ekki til vandræða. Árangur breiðslu var því með betra móti á heildina litið.

Þar sem dreift var með höndum var víðast hvar þokkalegur árangur en rofabörðin sem átt er við eru misjöfn og sum hver mjög erfið í uppgræðslu.

4.1.1 Varskoðun

Skoðunarferð var farin um heiðina 26.6.16 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Veturinn var í meðallagi snjópungur víðast hvar á svæðinu. Vorið var hlýtt og leysing jöfn og góð og gekk hraðar en árin á undan. Gróður var í meðallagi snemma á ferðinni og kom vel undan vetri. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 8: Skriða utan Þverár í umsjón unglingahóps. Ber orðið lítið á raskinu.



Mynd 9: Efst í Skænudalur. Borið var á þetta svæði í þriðja sinn sumarið 2016. Sjá má áhrif áburðar frá sumrinu 2015 í vorgræðingnum.



Mynd 10: Skænudalur. Sama og mynd 9. Búið að breiða 2 sinnum.



Mynd 11: Inn á Sveifarhæð. Fékk áburð í fyrsta sinn 2015.



Mynd 12: Víðitorfan á Sveifarhæð.



Mynd 13: Sami staður og mynd 12. Ummerki um gæsabeit. Torfan áborin í þrjú ár.



Mynd 14: Hallarfjall. Breitt í fyrsta sinn sumarið 2015.



Mynd 15: Laugarvalladalur. Innan við Vesturdalsá sem fékk áburð síðast 2014.



Mynd 16: Laugarvalladalur. Haldið var áfram að styrkja svæðið utan við Vesturdalsá.



Mynd 17: Laugarvalladalur. Svæðið svarar vel áburðargjöf. Talsverð gæsabeit.



Mynd 18: Laugarvalladalur. Þessar hæðir eru „friðaðar“ fyrir áburðargjöf!



Mynd 19: Víða sjást jarðvegsleifar í Laugarvalladal. Vikrar og sandorpin svæði áberandi.



Mynd 20: Múli. Borið var á rana niður að ánni 2015. Sett var á svæði í forgrunni í sumar.



Mynd 21: Góður árangur af breiðslu áburðar í Múla og gróður um margt fjölbreyttur.



Mynd 22: Grunnavatnsalda. Þessi hluti var áborinn sumarið 2016.



Mynd 23: Grunnavatnsalda. Ábórið sumarið 2015.

4.1.2 Haustskoðun


Skoðunarferð var farin um heiðina 15.09.16 (Baldur, Dagbjartur og Rúnar Ingi). Heiðin kom mjög vel undan vetri um vorið þrátt fyrir talsverðan snjó þar síðla vetrar. Vatnsbúskapur var yfirleitt ekki til vandræða og haustaði afar vel. Vaxtartíminn lengdist því óvenju langt inn í árið. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 24: Skriða utan við Þverá. Uppgræðsla gengur mjög vel.



Mynd 25: Vaðbrekkuháls. Borið var á norðurhlíðina í sumar.



Mynd 26: Rofabörð í Hrafnkelsdal í vinnslu. Árangur eftir atvikum góður.



Mynd 27: Skænudalur. Kominn tími á enduráburðargjöf á neðri hluta dalsins.



Mynd 28: Út Sveifarhæð frá Hatti. A.m.k. þrjú stig gróðurstyrkingar á hæðinni.



Mynd 29: Séð yfir Faxagilssvæðið. Tók vel við áburði í upphafi en hlutar komnir „á tíma“.



Mynd 30: Við Faxagil. Innsti hluti svæðisins var áborinn sumarið 2016.



Mynd 31: Dæmigerð gróðurþekja víða á Faxagilssvæðinu. Mörg ár síðan borið var á hér.



Mynd 32: Laugarvalladalur tekur ágætlega við áburði sumarsins.



Mynd 33: Laugavalladalur.



Mynd 34: Laugavalladalur. Talsvert er um melgresi í dalbotni, til merkis um fok á svæðinu.



Mynd 35: Laugarvalladalur.



Mynd 36: Laugarvalladalur. Mikil gæsabeit er á svæðinu.



Mynd 37: Laugavalladalur. Svæðið innan við Vesturdalsá. Fékk áburð síðast 2014.



Mynd 38: Laugarvalladalur. Meltoppurinn tekið vel við sér við áburðargjöf sumarsins.



Mynd 39: Í mynni Laugarvalladals. Vatnsgæðin könnuð.



Mynd 40: Múli. Miðhluti neðra svæðis var áborinn í sumar.



Mynd 41: Múli. Raninn niður fjær var áborinn 2015.



Mynd 42: Grænöxl. Glögg skil áburðardreifingar.



Mynd 43: Inn með Ánavatnsöldu eru víða erfið rofabörð sem unglingahópur er að vinna í.



Mynd 44: Ánavatnsalda. Unnið var áleiðis inneftir öldunni í sumar.



Mynd 45: Á Ánavatnsöldu.



Mynd 46: Toddastykki.



Mynd 47: Sandburður inn á gróðurtorfurnar í Toddastykki.



Mynd 48: Toddastykki.



Mynd 49: Toddastykki.

4.2 Áreyrar

Árangur á áreyrunum var ágætur sumarið 2015. Flóð í Jöklu og foksandur höfðu óveruleg áhrif á uppgræðslur. Sumarið skilaði reglulegri úrkomu sem er mikilvægt auðnum sem hafa litla vatnsheldni. Vorkuldinn var ekki alveg jafn nístandi og til heiða. Ummerki um beit, ekki síst gæsabeit, eru víða.

4.2.1 Vorskoðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 28.6.16. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 50: Galtastaðaeypri.



Mynd 51: Galtastaðaeypri. Búið að breiða þetta svæði tvisvar.



Mynd 52: Galtastaðaeypri. Leirburður algengur á hluta svæðisin.



Mynd 53: Holurt.



Mynd 54: Víða mjög góður árangur á eyrunum. Þetta hefur fengið áburð tvisvar.



Mynd 55: Gróðurþekja innarlega á ytri Galtastaðaeyri. Sami staður og mynd 54.



Mynd 56: Melgresistoppar að koma sér fyrir.



Mynd 57: Galtastaðaeyri ytri. Svæðið næst ánni er breitt í fyrsta sinn í sumar.



Mynd 58: Eyrarrós.



Mynd 59: Alaskavíðir hefur víða náð rótfestu á eyrunum en verður oft fyrir áföllum.

4.2.2 Haustskoðun

Skoðunarferð var farin um áreyrar 8.9.16. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir og athugasemdir úr ferðinni.



Mynd 60: Litla-Bakkaeyri. Hluti hennar var áborinn í sumar.



Mynd 61: Galtastaðaeypri innri. Beringspunti sáð í upphafi. Ljós. Baldur Grétarsson.



Mynd 62: Galtastaðaeypri innri. Melgresið leit ágætlega út. Fékk áburð síðast 2015.



Mynd 63: Surtstaðaeypri. Fær áburð í sumar.



Mynd 64: Hnithbjörg. Borið var á svæðið í sumar. Svæðið hefur reynst fremur erfitt í uppgræðslu og er auk þess undir nokkru beitarálagi.



Mynd 65: Hnithbjörg. Tekið á svipuðum slóðum og myndin hér til hliðar.



Mynd 66: Hnitbjörg. Rakinn í lænum hjálpar.



Mynd 67: Hnitbjörg.

4.3 Bændadreifing

Ekki var gerð sérstök úttekt á öðrum svæðum á árinu (t.d. bændasvæðunum) en samkvæmt lauslegri athugun má segja að almennt hafi árangur verið með besta móti enda vaxtatímabil gróðurs með lengsta móti þetta sumarið. Í einhverjum tilfellum varð ekki komist á svæðin fyrr en seinni part júlí en vegna hagstæðs tíðarfars að hausti var framvinda yfirleitt mjög góð.

5 Fundargerðir stjórnar og opnir kynningarfundir 2016

5.1 Fundargerð 76. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 20.01.2016 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 16:00

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 10.07. 2015.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

2. Afgreiðsla á styrk til Landgræðslufélags Héraðsbúa vegna Giljahólaverkefnis.

Að höfðu samráði við Jónas Guðmundsson varamann og Katrínu Ásgeirsdóttur greiddi formaður 90 % af samþykktum styrk, eftir að úttektarskýrsla Rúnars Inga Hjartarsonar landgræðslufulltrúa Lgr og fulltrúa í ráðgjafanefnd sjóðsins hafði borist stjórn. 10 % sem eftir eru verða greidd þegar lokaúttekt liggur fyrir. Formaður leggur fram til kynningar bréf sem sent var Landgræðslufélagi Héraðsbúa vegna styrkveitingar.

Lagt fram til kynningar.

3. Ársreikningur 2015.

Sigurður Álfgeir Sigurðsson endurskoðandi hjá Deloitte mætti til fundar undir þessum dagskrárlið og fór yfir ársreikning 2015 með stjórnarmönnum. (Tölur í sviga eru frá ársuppgjöri 2014). Hrein eign sjóðsins í árslok er kr. 288.599.786 (291.617.913). Til ráðstöfunar á árinu 2015 eru áætlaðar 25 milj.kr (23) milljónir sem byggir meðal annars á 3 milj.kr.framlagi frá Alcoa Foundation sem og á að raunávöxtun bankainnstæðu verði 1,6% (2.2) %.

Að lokinni yfirferð var reikningurinn borin upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Ársreikninginn verður sendur til ríkisskattstjóra, ríkisendurskoðunar, Landsvirkjunar, ráðgjafanefndar sjóðsins, bæjarstjóra, aðal- og varamanna stjórnar. Sigurði þökkðu koman sem og veitt þjónusta Deloitte , vék hann hér af fundi.

4.Útgjaldaáætlun 2016.

Farið yfir útgjaldaáætlun fyrir árið 2016. Ljóst er miðað við ársuppgjör að aukið svigrúm er til útgjalda en síðasta ár. Þóknun vegna fundarsetu verði byggð á sömu forsendum og sl. ár sem samþykkt var á 71. fundi stjórnar.

Samþykkt samhljóða

4. Áburðarkaup 2016.

Formanni falið að óska eftir tilboðum frá áburðarbirgjum í allt að 160 tonn af áburði. Áskilin er réttur til að taka hvað boði sem er eða hafna öllum.

Opnun tilboða fer fram miðvikudaginn 3. Febr. kl 14:00 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska eða fulltrúum þeirra.

Samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

6.1 Formaður gerði grein fyrir athugun á fjölda þeirra upplýsingaskilta sem þarfnast endurnýjunar sem og kostnaði. samanber ákvörðun á 75.fundi liður 5.1.

Formanni falið að vinna að málinu frekar.

Samþykkt

7. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

8. Fundarslit kl 17:55

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.2 Fundargerð 77. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 03.02.2016 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar; Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson. Sigvaldi setti fund kl 14:00

1. Opnun tilboða í áburð.

Mættir til fundar Rúnar Ingi Hjartarson og Dagbjartur Jónsson frá ráðgjafanefnd sjóðsins. Einnig eru mættir eftirtaldir fulltrúar tilboðsgjafa Steinn Björnsson frá Skeljungu, Einar Guðmundsson og Baldur Grétarsson frá Búvís. Þá hefur formanni stjórnar borist tilboð frá Fóðurböndunni í lokuðu umslagi, fulltrúi frá fyrirtækinu mætir ekki.

Efirfarandi tilboð hafa borist.

Tafla yfir tilboð í áburð 2016 með uppgufnum tölum frá tilboðsaðilum.

Tilboðsgjafi	Tegund	magn tn.	kr/tn án vsk	samt. án vsk	kr/tn m vsk	samt. með vsk	gr.dagur	annað
Fóðurblandan	Fjölmoði 3	160,2		9.226.495		11.440.853	1.mai	
Skeljungur	Sprettur 25-5	159,6			71.003	11.332.097	15.mai	Tilboð 1
Skeljungur	Sprettur OEN 38-8	107,4			89.886	9.653.709	15.mai	Tilboð 2
Skeljungur	Sprettur 26-13	159,6			78.636	12.550.371	15.mai	Tilboð 3
Búvís	Völlur 30-5	160	52.200	8.352.000		10.356.480	1-10.mai	Tilboð 1
Búvís	Völlur 26-8	160	54.880	8.780.800		10.888.192	1-10.mai	Tilboð 2
Búvís	Völlur 27-12	160	56.150	8.984.000		11.140.160	1-10.mai	Tilboð 3

Búvís býður 0,6 % afslátt frá heildarverði fyrir hvern mánuð sem greitt er fyrir en uppgæfið er í tilboði.

Ekki bárust tilboð frá Sláturfélagi Suðurlands eða Líflandi.

Steinn vekur athygli á að OEN 38-8 hefur 30 metra vinnslubreidd þá vekur hann jafnframt athygli á umræddur áburður hefur sama efnamagn í 107,4 tn og 159,6 tonn af Spretti 25-5.

Áburðasölum þökkuð koman.

Fleira ekki gert undir þessum lið.

2. Afgreiðsla innsendra tilboða.

Stjórn sjóðsins ásamt fulltrúum ráðgjafanefndar þeim Dagbjarti og Rúnari Inga yfirfóru tilboðin. Á grundvelli þeirrar skoðunar er ákveðið að ganga til samninga við Búvís um kaup á Velli 27-12. Þar sem tilboðið reyndist hagstæðara en útgjaldaáætlun sjóðsins 2016 gerði ráð fyrir er unnt að auka áburðarmagn um 15 tonn frá þeim 160 sem tilboðsbeiðnin gerði ráð fyrir. Formanni er því falið að staðfesta kaup á 175 tonnum af Velli 27-12 fyrir allt að kr. 12.184.550. með vsk. Áburðurinn verður afgreiddur á Reyðarfirði. Komi fram gallar á áburði við dreifingu áskilur sjóðurinn sér rétt til að gallaður áburður verði bættur samanber tilboð Búvís.

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur sameiginleg mál með ráðgjafanefnd.

Baldur Grétarsson fulltrúi í ráðgjafanefnd mætir til fundar.

3.1 . Kynningarfundur Landbótasjóðs.

Stefnt skal að opnum fundi 09.03.2016. kl. 19:30 í Brúarási. Þar muni stjórn og ráðgjafanefnd kynna starfsemina og aðgerðaráætlun fyrir komandi sumar. Fundurinn verði jafnframt nýttur til að fá álit íbúa á starfsemi sjóðsins með opnum umræðum.

3.2 Áburðaráætlun 2016

Ráðgjafanefnd mun verða búin fyrir 09.03.2016 að gera fyrstu drög að áburðaráætlun fyrir sumarið 2016. Endanleg áætlun verði lögð fyrir stjórn sjóðsins á sameiginlegum fundi í júní nk. til samþykktar.

3.3 Fræ.

Ráðgjafanefnd geri áætlun um fræpörf sem og kostnaðaráætlun sem lögð verði fyrir stjórn á júnífundum til samþykktar.

Rúnar Ingi og Dagbjartur yfirgefa fundinn að loknum þessum dagskrárlið.

4. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 20.01.2016

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

5. Upplýsingarskilti .

Ingunn Bráinsdóttir grafískur hönnuður er mætt undir þessum lið.

Málið í vinnslu.

Baldur Grétarsson yfirgefur fundinn að loknum þessum dagskrárlið.

5.3 Fundargerð 78. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs miðvikudaginn 09.03.2016 fundurinn er haldinn í Brúarásskóla.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Jónas Guðmundsson varamaður Björns Halls Gunnarssonar

Sigvaldi setti fund kl 18:30

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 03.02.2016

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

2. Upplýsingaskilti

Fyrir liggur verðtilboð frá Ingunni Bráinsdóttur vegna grafískar hönnunar á fyrirhuguð upplýsingaskilti.

Lagt fram til kynningar.

3. Önnur mál

3.1 . Síðar í kvöld hér á sama stað verður opinn fundur stjórnar Landbótasjóðs og ráðgjafanefndar sjóðsins . Á fundinum munu stjórn og ráðgjafanefnd gera grein fyrir starfi sjóðsins og gefa fundargestum með opnum umræðum tækifæri á að koma með hugmyndir sem nýst geta starfi sjóðsins. Fundargerð / minnispuntar verði ritaðir á fundinum og verði þeir færðir til bókar í næstu fundargerð stjórnar.

Stjórn verði ekki greidd fundarlaun fyrir fundinn eða undirbúning hans önnur en tilheyra þessum stjórnarfundum.

Samþykkt samhljóða

4. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

5. Fundarslit kl 19:15

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.4 Fundargerð 79. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs þriðjudaginn 28.06.2016 fundurinn er haldinn á Skjöldólfsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 17:00

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 09.02.2016.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

2. Fundargerð frá opnum fundi sjóðsins 09.02.2016

Fundargerðin verði færð inn í fundargerðarbók sjóðsins, að öðru leyti lögð fram til kynningar.

3. Upplýsingaskilti.

Leitað var eftir tilboði frá Náttúrulega ehf á Höfn. Fyrirtækið vann að gerð og hönnun á eldri skiltum.

Gengið hefur verið til samninga um endurnýjun á eldri skiltum 6 að tölu á grundvelli tilboðs frá fyrirtækinu. Samið verði einnig við fyrirtækið um gerð viðbótarskilta sem sett verða upp m.a. á uppgræðslusvæðum á áreyrum Jökulsár í Hlíð og Tungu.

Samþykkt samhljóða.

Tilboði frá Ingunni Þráinsdóttur var ekki tekið, og hefur formaður komið á framfæri þökkum stjórnar til hennar fyrir tilboðsgjöf.

4. Styrkumsókn í Landbótasjóð Landgræðslunnar

Ábending kom frá héraðsfulltrúa Landgræðslunnar Rúnari Inga Hjartarsyni á vordögum um að Landbótasjóður gæti sótt um fjármang til tilraunaverkefna á uppgræðslusvæði sjóðsins í Toddastykki úr Landbótasjóði Landgræðslu ríkisins. Þar sem umsóknarfrestur var að renna út og ekki tók á að kalla saman stjórn fól formaður Rúnari að leggja inn umsókn fyrir hönd sjóðsins án skuldbindinga um framkvæmd og með ákveðnum fyrirvörum. Því áður en ráðist yrði í framkvæmdir þyrfti tillögur ráðgjafanefndar sjóðsins að liggja fyrir, samþykki landeigenda sem og samþykki stjórnar Landbótasjóðs. Svör við umsókninni hafa ekki borist stjórn.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Verði styrkur veittur mun stjórn sjóðsins taka til afgreiðslu framkvæmdir í Toddastykki þegar samþykki landeigenda liggur fyrir, tillögur ráðgjafarnefndar og nákvæm kostnaðaráætlun.

Samþykkt samhljóða.

5. Fyrirspurn frá Jóni Jónssyni hrl.

Formanni barst í tölvupósti 20.júní sl. beiðni frá Jóni Jónssyni hrl svohljóðandi „ Vegna samskipta vegna landbótaáætlana fyrir framleiðendur í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu, er óskað eftir afriti af fundargerðum síðustu funda Landsbótasjóðs Norður Héraðs þar sem fjallað hefur verið um áburðagjöf og landgræðslusvæði.

Jafnframt er óskað eftir yngstu áætlun um fyrirhugaða landgræðslu á vegum sjóðsins og þá, gildandi 3ja ára áætlun ef/þegar slík áætlun liggur fyrir.“ Tilvitnun lýkur.

Að höfðu samráði við stjórnarfólk hefur formaður sent Jóni fundargerð 74.fundar frá 2. Júlí 2015 auk ársskýrslu 2014.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Jóni verði send sú landbótatillaga sem unnið verði eftir á árinu 2016 sem og þriggja ára áætlun þegar hún liggur fyrir.

Samþykkt samhljóða.

6. Verkáætlun landbótastarfs 2016. Ráðgjafanefnd kynnir tillögur sínar.

Mættir eru til fundar frá ráðgjafanefnd sjóðsins Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson kl: 17:50

Ráðgjafanefnd fór um uppgræðslusvæðin á Jökuldalsheiði og Hrafnkelsdal 26. júní sl. og um Jökulsáreyrar í Jökulsárhlíð og Hróarstungu var farið í dag 28.júní sl.

Baldur gerði grein fyrir skiptingu þeirra 175 tonna (140) af áburði sem borin verða á þetta sumarið, 133,0 tn. (98,5) á Jökuldalsheiði, Brúarsvæði og Hrafnkelsdal. Jökulsáreyrar 18,0 tn. (18,5), 18 tn. (17,5) til svonefndar bændadreifingar. Auk þessa mun unglíngavinnuflokkur Landsvirkjunar dreifa 6,0 tn. (5,5) af áburði. Gert er ráð fyrir lítilsháttar frædreifingu en starfsmanni LV er falið að meta þörf fyrir fræ. Dreifing sú er vinnuflokkurinn framkvæmir er á svæðum sem ekki eru véltæk. (tölur í sviga magn 2015)

Ráðgjafanefnd telur að hægt sé að hefja dreifingu nú þegar á áðurnefnd svæði.

Verkátun 2016 lögð fram til samþykktar stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi tillaga lögð fram.

Þar sem sjóðurinn hefur ekki gert verktakasamning vegna dreifingar á Jökulsáreyrum er lagt til að nýtt verði 1.gr samnings við dreifingarverktaka, vegna uppgræðsluvinnu 2016 á umræddu svæði „þá munu verksalar dreifa áburði og fræi á önnur svæði en framan er getið óski verkkaupa þess.“ Tilv lýkur.

Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

7.1. Árskýrsla 2015.

Rætt var um afhendingu á útgáfu árskýrslu 2015. Stjórn telur drátt á útgáfu skýrslunnar óásættanlegan.

7.2. Þriggja ára áætlun landbótastarfs.

Rætt var um hvort vinna skildi þriggja ára heildaráætlun um uppgræðsluverkefni. Þar sem uppgræðsla og landbætur á vegum sjóðsins eru komnar í nokkuð fastar skorður telur stjórn og fulltrúar ráðgjafanefndar ekki ástæðu til að gera slíka áætlun að sinni.

7.3. Baldur spurði um skiltamál. Stjórn vísar í lið 3 hér fyrir í fundargerðinni. Baldri falið að ræða við landeigendur þar sem skilti vera hugsanlega sett á nýja staði og leita samráðs við þá.

8. Kvöldverður kl 19:00

Mættir eru til fundar verktakarnir Snæbjörn Ólason, Jón Björgvin Vernharðsson og Agnar Benediktsson þá er einning mættur Arnór Benediktsson starfsmaður sumarvinnuflokks Lv. Sigurður H Jónsson boðaði forföll.

Rúnar Ingi Hjartarson fulltrúi í ráðgjafanefnd mætir til fundar 19:30

9. Verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv kynnt verkátun.

Baldur kynnti ný samþykktar verkátun 2016 fyrir verktökum og starfsmanni sumarvinnuflokks Lv.

Að þeirri kynningu lokinni var orðið gefið laust.

Arnór spurði um tilraunaverkefni í Toddastykki sem rætt var um á opnum fundi 9.3.2016.

Baldur sagði að ekki hefði að hálfu ráðgjafanefndar verið gerðar fastmótaðar tillögur sem gengju út á nýtt verklag við umrætt uppgræðslusvæði.

Rúnar gerði grein fyrir sínum athugunum á málinu. Upplýsti hann um umsókn í Landbótasjóð Landgræðslunnar sem hann vann vegna þessa. Athuganir hans byggja á m.a. álit og ráðum annarra hjá Landgræðslunni. Hugmyndir hans ganga út á m.a. að fara með jarðýtu á svæðið og ýta úr nálægum melum að börðum og fella börðin niður á móti með vélgröfu. Þá yrði sáð í sárin auk þess sem dreift yrði 180 rúllum árlega í þrjú ár í svæðið. Rúnar upplýsti að búið væri að samþykkja styrk til verkefnisins upp á 2,7 milljónir kr. árlega í þrjú ár. Áætlunin gengur út á að sú upphæð dekki 65 % af kostnaði. Þau 35% sem upp á vantar kæmu frá Landbótasjóði Norður Héraðs.

Dagbjartur lýsti yfir andstöðu sinni yfir hugmyndum Rúnars. Taldi þær vera það stórtækar að þær myndu hafa neikvæð áhrif á ímynd sjóðsins. Baldur lýsti yfir ánægju með að fjármagn fengist í verkefni fyrir sjóðinn. Telur þó varhugavert að fara í svo grófar framkvæmdir sem Rúnar leggur til. Vill gera tilraun annars staðar með vélgröfu á minna áberandi stað. Vill glíma við Toddastykki eins og það er og þá með öðrum hætti en Rúnar leggur til.

Sigvaldi spurði um hvort ráðgjafanefndin hefði ekki komið að tillögugerð vegna málsins. Þá gerði hann fundarmönnum grein fyrir aðkomu stjórnar á málinu og vísar til 4. liðar hér framar í fundargerð.

Baldur og Dagbjartur svöruðu að þeir hefðu ekkert komið að þessari vinnu.

Töluverðar umræður urðu um þetta mál til viðbótar við framangreint.

10. Afgreiðsla fundargerðar.

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn og ráðgjafanefnd. Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar.

11. Fundarslit kl 20:40

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson.

5.5 Fundargerð 80. fundar stjórnar Landbótasjóðs Norður Héraðs föstudaginn 16.12.2016 fundurinn er haldinn á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að Lyngási 12 Egilsstöðum.

Mætt eru til fundar: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Björn Hallur Gunnarsson.

Sigvaldi setti fund kl 14:00

1. Samþykkt og undirritun fundargerðar frá 28.06.2016.

Fundargerðin undirrituð og staðfest.

2. Staða útgjaldaáætlunar 2016

Til kynningar.

3. Fundur með Landsvirkjun 29.september sl.

Þann 29. september sl. boðaði Georg Pálsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar til fundar við fulltrúa Landsvirkjunnar stjórn sjóðsins og ráðgjafanefnd. Fyrir þennan sama dag höfðu fulltrúar Landsvirkjunnar ásamt formanni sjóðsins farið í vettvangsferð um uppgræðslusvæði sjóðsins.

Þeir sem sátu fundinn :

Frá Landsvirkjun: Georg Pálsson, Sindri Óskarsson, Árni Óðinsson, Ragnheiður Ólafsdóttir, Sigurður Guðni Sigurðsson og Sveinn Kári Valdimarsson.

Frá ráðgjafanefnd: Dagbjartur Jónsson og Baldur Grétarsson.

Frá stjórn Landbótasjóðs: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir og Jónas Guðmundsson varamaður Björns Halls Gunnarssonar.

Samhljómur var með fundarmönnum um góðan árangur landbótastarfs sem og að vel hafi tekist til með skipulag og annað tengt starfi sjóðsins. Kom fram í máli stjórnarmanna að vert væri að leita eftir auknu fjárframlagi til sjóðsins svo lengja megi líftíma hans umfram þau 40 ár sem skipulagsskrá sjóðsins segir til um.

Eftirfarandi tillaga lögð fram .

Stjórn Landbótasjóðs Norður Héraðs óskar eftir viðræðum við Landsvirkjun um endurskoðun á samstarfi og stuðningi til að tryggja lengingu líftíma sjóðsins.

Samþykkt

Eftirfarandi tillaga lögð fram .

Stjórn verði greidd fundarlaun fyrir fundinn sem stjórnarfundur væri .

Samþykkt.

4. Styrkloforð frá Landbótasjóði Landgræðslunnar.

Sjóðnum barst 18.júlí 2016 formlegt svar við styrkbeiðni um tilraunaverkefni í Toddastykki.

Þar sem svarið barst ekki fyrir en eftir að framkvæmdir áttu að vera búnar samkv skilyrðum Landgræðslunnar varð að samkomulagi starfsmanns Landgræðslunnar í Gunnarsholti og formanns að rétt væri að fresta framkvæmdum til næsta árs og þá gæfist líka tími til að endurskoða framkvæmdaáætlun ef þess væri þörf.

Eftirfarandi tillaga lögð fram .

Málið verði tekið upp á næsta sameiginlega fundi stjórnar og ráðgjafanefndar.

Samþykkt.

5. Önnur mál.

5.1 . Formaður leggur fram reikninga og fylgiskjöl upp á kr 20.684. Reikninga þessa hefur formaður greitt úr eigin vasa frá desember 2014 vegna skrifstofukostnaðar sjóðsins.

Samþykkt að greiða formanni ofangreinda upphæð.

Sigvaldi greiðir ekki atkvæði.

6. Afgreiðsla fundargerðar

Formanni falið að ganga frá fundargerð og senda hana á stjórnarmenn.

Fundargerðin verði undirrituð á næsta fundi stjórnar

7. Fundarslit kl 16:00

Fundargerð ritar Sigvaldi H Ragnarsson

5.6 Opinn kynningarfundur á vegum Landbótasjóðs Norður-Héraðs, haldinn í Brúarási 9. mars 2016, kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Ávarp formanns. – Sigvaldi H. Ragnarsson.

2. Starf LBNH og markmið. – Rúnar Ingi Hjartarson, landgræðslufulltrúi.

3. Vatnsrennsli Jöklu á yfirfalli. – Dagbjartur Jónsson, fulltrúi Landsvirkjunar í ráðgjafarnefnd.

4. Fyrirspurnir og umræður.

Mættir frá Landbótasjóði: Sigvaldi H. Ragnarsson, Katrín Ásgeirsdóttir, Jónas Guðmundsson varamaður í stjórn. Úr ráðgjafarnefnd: Baldur Grétarsson, Dagbjartur Jónsson og Rúnar Ingi Hjartarson.

Sigvaldi Ragnarsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Stakk hann upp á Katrínu Ásgeirsdóttur sem fundarstjóra og Jónasi Guðmundssyni henni til aðstoðar og Baldri Grétarssyni sem fundarritara. Engar athugasemdir.

Katrín tók við fundarstjórn og gekk til dagskrár.

1. Formaður Sigvaldi H. Ragnarsson tók til máls og kynnti markmið og fjármögnun sjóðsins. Greindi frá sérstökum styrk sem sjóðurinn hefur notið frá Alcoa, 3 mkr. á ári í þrjú ár, hið síðasta 2016. Á þessu ári, 2016, er ráðstöfunarfé til landbóta og rekstrar kr. 23 mkr. sem þýðir aukningu um 35 tonn áburðar frá fyrra ári. Á komandi sumri verður því dreift 175 tonnum áburðar á vegum sjóðsins. Árið 2015 var dreift 140 tonnum og árið 2014 var dreift 110 tonnum. Sigvaldi gat þess að á síðasta ári, 2015, var endursamið við verktaka um flutning og dreifingu áburðar. Eru það sömu aðilar sem sinna verktökunni að öðru leyti en því að sá aðili sem sá um dreifingu áburðar á Jökulsáreyrum óskaði ekki eftir framhaldssamningi.

2. Rúnar Ingi Hjartarson kynnti upphaf og ástæður þess að sjóðurinn var stofnaður. Fór yfir starf sjóðsins og vinnulag. Útskýrði gildi áburðargjafar á lítt gróið land og varpaði myndum á tjald frá starfi sjóðsins sem sýndu heildarárangur uppgræðslunnar frá byrjun.

3. Dagbjartur Jónsson sýndi með myndum úr stjórnkerfi Fljótsdalsstöðvar hvernig vatnsstaða Háslóns og raforkuframleiðslan spilar saman. Fjallaði einnig um yfirfall Kárahnjúkastíflu frá upphafi og sýndi með súluritum breytileika rennslisins milli ára.

4. Fyrirspurnir og umræður. Orðið gefið laust:

Benedikt Arnórsson taldi árangur góðan af starfi LBNH. Minnkandi áburðarmagn hafi leitt til þess að unnið er á mörgum svæðum með lítið magn og varpaði því fram hvort ekki væri ráð að taka færri en stærri svæði fyrir á hverju ári.

Arnór Benediktsson benti á að miklu skipti að þeir sem um vegi fara sjái árangur af starfinu. Taldi að ætti að færa áherslur nær byggðinni þar sem umferðin er meiri. Hefur séð litla framför sumstaðar síðustu ár og nefndi Hálsendann utan við Vaðbrekku í því sambandi. Taldi mikilvægt að huga að ásýndarmálum með uppgræðslunni. Sagði frá því að uppgræðslusvæðið við Hallarfjall hefði verið valið til samanburðar við svæðið sem hyrfi undir Hálslón, en það væri nokkurn veginn í sömu hæð. Taldi hann að uppgræðsla Landsvirkjunar austan við Hálslón væri það öflug að ekki væri frágangssök að endurskoða áherslur í uppgræðslu LBNH. Þá taldi Arnór að uppgræðsla í rofabörðum væri árangursríkari ef börðin væru látin hrynja og sáð í sárin. Taldi uppgræðslu í rofsvæði eins og Toddastykki illviðráðanlega með óbreyttu sniði.

Þorsteinn Snædal spurði um áætlanir uppgræðslu næstu ára og hvort áherslubreytingar væru í vendum um það að færa uppgræðsluna nær byggð.

Stefán Geirsson taldi ekki nægilega vel upplýst í hvaða hæð væri ætlast til að áburður til bændadreifingar frá sjóðnum væri notaður. Telur að stórbæta megi fjalllendi í Jökulsárhlíð með áburðargjöf. Lýsti góðri framför uppgræðslusvæða í sínum löndum. Taldi nýgerðan ós fyrir Jökulsá og Lagarfljót hafa verið nauðsynlega aðgerð sem reynist vel. Spurði um hvaða uppgræðslusvæði það væri í gögnum sjóðsins sem kallað væri Gildra.

Gunnar Guttormsson fagnaði upplýsandi fundi sem þessum og taldi góðan árangur af uppgræðslustarfinu á Jökulsáreyrum. Minna rjúki nú úr eyrunum en áður, og enda minni leir í framburði Jöklu eftir virkjun. Taldi skaðlegt ef menn töluðu niður starf sjóðsins og bað menn heldur að líta til þess sem vel hefði tekist.

Jón Björgvin Vernharðsson beindi þeirri spurningu til Rúnars Inga og Dagbjartar hvort melgresi ætti ekki heima sem uppgræðsluplanta í Toddastykki þar sem áfok lausra jarðvegsefna kæfði þann gróður sem verið væri að reyna að styrkja með litlum árangri.

Agnar Benediktsson taldi sig sjá árangur uppgræðslu í Toddastykki undanfarin tvö ár og þakkaði það óvenju góðu rakastigi í jarðvegi. Telur stóru rofabörðin í Toddastykki ekki verða stöðvuð meðan fýkur af svæðinu í kring. Telur nauðsynlegt að halda áfram að loka svæðinu umhverfis Toddastykki með uppgræðslu.

Dagbjartur Jónsson svaraði framkomnum fyrirspurnum og gat þess að nokkur vandi væri á höndum að halda við stórum svæðum sem byrjað var á í upphafi þar sem heildarmagn áburðar hefði minnkað til muna frá byrjun. Þó væri reynt að gera öllum svæðum skil með eins stuttum hléum og aðstæður leyfðu. Hann gat þess að einungis væru gerðar áætlanir fyrir eitt ár í senn og farnar skoðunarferðir haust og vor til að meta árangur áburðargjafar og ástand uppgræðslusvæða.

Rúnar Ingi Hjartarson svaraði því til að melgresi væri að hans mati verðug planta til að reyna sáningu með í Toddastykki. Hann sagði að melgresi mætti víða finna sjálfssáð á svæði LBNH og taldi það engin umhverfisspjöll að sá henni í Toddastykkið. Taldi einnig tilraunar virði að jafna börðunum í Toddastykki niður með vélgröfu.

Baldur Grétarsson svaraði að hann teldi síðra að draga saman áburðargjöfina og hvíla stór uppgræðslusvæði í mörg ár. Sagðist verða var við að íbúar hefðu gaman af því að fylgjast með árangri á sínu nærsvæði og væru sáttari með sjá unnið árlega þótt minna væri. Hann sagðist hafa skoðað Toddastykkið og taldi vandkvæðum bundið að græða þar upp með sáningu grasfræs. Hafði hann séð nýsáningu kala þar til dauðs í snjóðældum og gæsin nauðbiti þann gróður sem grænkaði af áburðargjöf. Áfok væri þar stórt vandamál þar sem jarðvegskornin væru örfín og fykju í þykka skafli sem kæfðu gróður. Sagðist hann stuðningsmaður þess að í Toddastykki yrði sáð melgresi án þess að nokkuð yrði rótað við börðunum frekar.

Sigvaldi Ragnarsson taldi að sjóðurinn hefði svigrúm til að kosta til góðrar tilraunar við slíkar aðstæður, sem draga mætti lærdóm af fyrir framtíðina. Hann upplýsti að sjóðnum væri ætlað að vinna að uppgræðslu í 200 m. hæð yfir sjó. Hann nefndi einnig að sjóðnum væri ætlaður ákveðinn líftími sem óðum væri að styttest. Huga þyrfti að því hvað menn vildu sjá gerast þegar því skeiði lyki.

Dagbjartur sagðist vera talsmaður þess að Landsvirkjun haldi áfram stuðningi við sjóðinn þótt samningur renni út. Sagðist hann hafa reynt að koma því á framfæri í herbúðum Landsvirkjunar.

Þorsteinn Snædal spurði um hvenær uppgræðslusvæði teldust sjálfbær.

Rúnar Ingi útskýrði gildi köfnunarefnis við sjálfbærnimat á uppgræðslusvæðum og langan tíma gæti tekið að ná upp fjölbreyttri örveruflóru á svæðum þar sem hún væri orðin fátækleg vegna gróðurleysis. Gat þess að oft sæist lítill árangur á yfirborði meðan rótarkerfi væru að styrkjast.

Philip Vogler taldi að tilraunastarfsemi á borð við sléttun rofabarða gæti verið vænleg leið til að fá styrki. Taldi að verkefni nær byggð væru einnig góð leið til að lengja líftíma sjóðsins. Öflug kynning á starfinu sé nauðsynleg til að skapa velvilja almennings og aðila sem úthluta styrkjum.

Jónas Guðmundsson lýsti því hvernig afturför hefði orðið á uppgræðslusvæði sem hann hætti að bera á fyrir nokkrum árum. Benti á að gott gæti verið að eiga sýnishorn af slíku svæði sem ekki hefði fengið áburð lengi til að sýna fram á hvernig þróun verður þegar viðhaldi er hætt.

Jón Björgvin benti á svæði hjá Bjallkollu, sem hann taldi heppilegt uppgræðslusvæði hvað sýnileika varðaði þar sem umferð ferðamanna væri mikil yfir sumarið eftir gömlu leiðinni til Möðrudals.

Rúnar Ingi tjáði fundinum að Landbótasjóður Landgræðslunnar hefði aukafjármagn til ráðstöfunar, ætlað í afmörkuð uppgræðsluverkefni. Óskaði hann eftir hugmyndum frá fundarmönnum um verkefni sem ráðast mætti í.

Benedikt útskýrði að hið svokallaða Gildrusvæði við útenda Ánavatns hefði verið valið í því tilliti að þar er algeng farleið Jökuldalsfjár til heiðarinnar. Þessu svæði er gefinn áburður reglulega til að tefja féð vor og haust til hlífðar gróðri á öðrum svæðum.

Agnar sagðist ungur hafa byrjað að starfa fyrir Landbótasjóð. Þetta starf hefði verið gefandi og samskipti við fulltrúana ánægjuleg í gegnum tíðina. Vildi hann koma á framfæri þökkum fyrir gott samstarf og viðkynningu í gegnum árin.

Hér lokaði Katrín fundarstjóri mælendaskrá. Þakkaði fundarmönnum komuna og bauð viðstöddum að þiggja kaffiveitingar að loknum fundi í boði Landbótasjóðs. Sleit fundi kl. 22:00.

Fundargerð ritaði Baldur Grétarsson.

6 Ársreikningur

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2016

Landbótasjóður Norður-Héraðs
Brúarási
701 Egilsstaðir
kr. 450204-3150

Landbótasjóður Norður-Héraðs

Ársreikningur

2016

Efnisyfirlit	
Könnunarritun óbáðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um ráðstöfunarfé	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7-9

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Landbótasjóðs Norður-Héraðs fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um ráðstöfunarfé, efnahagsreikning og yfirlit um sjóðstreymi, auk skýringa og sundurliðana.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn sjóðsins er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggð er á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 2016, hreinni eign hans 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Egilsstöðum, 24. janúar 2017

Deloitte ehf.



Sigurður Alfreð Sigurðsson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Að álit stjórnar Landbótasjóðs Norður-Héraðs koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, starfsemi ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnaður á árinu 2003 með skipulagsskrá, sem staðfest var af ráðherra dómsmála. Markmið sjóðsins er einkum að annast umsýslu á framlagi Landsvirkjunar, samanber nánari umfjöllun í skýringu nr. 1 í ársreikningnum.

Samkvæmt skipulagsskrá er stjórn sjóðsins heimilt að úthluta árlega jafngildi raunvaxta sjóðsins auk 1/40 hluta eigin fjár hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á 40 árum. Eins og fram kemur í skýringu nr. 6 í ársreikningnum nam heimil úthlutun samkvæmt þessu 16 millj. kr. á árinu, en óráðstafað frá fyrra ári nam 9,9 millj. kr. Ráðstöfun á árinu 2016 nam 19,6 millj. kr., og óráðstafað í árslok 6,3 millj. kr. Miðað við núverandi vaxtakjör á eignum sjóðsins má áætla að til úthlutunar á árinu 2017 geti orðið u.þ.b. 22,3 milljónir króna.

Stjórn Landbótasjóðs Norður-Héraðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Brúarási, 24. janúar 2017

Í stjórn

Sigvaldi H. Ragnarson
Þjónn Hallur Gunnarsson
Katrín Ásgeirsdóttir

Yfirlit um ráðstöfunarfé 2016

	Skýr.	2016	2015
Innborguð framlög			
Framlög Landsvirkjunar	3	4.000.000	4.000.000
Greiddar verðbætur Landsvirkjunar	3	5.525.937	4.939.481
Hreindýraaður		232.344	259.154
Framlög frá Alcoa	4	0	3.225.000
		<u>9.758.281</u>	<u>12.423.635</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur	9	13.309.836	12.893.752
Fjármagnstekjuskattur	9	(2.662.097)	(2.578.656)
Vaxtagjöld	9	(532)	(110)
		<u>10.647.207</u>	<u>10.314.986</u>
		<u>20.405.488</u>	<u>22.738.621</u>
Útgjöld			
Kostnaður við landbætur og annar kostnaður	10	(19.578.636)	(18.086.719)
		<u>(19.578.636)</u>	<u>(18.086.719)</u>
Aðrir liðir			
Óhafin framlög Landsvirkjunar, breyting	3	(9.112.392)	(7.670.029)
		<u>(9.112.392)</u>	<u>(7.670.029)</u>
(Lækkun), hækkun á hreinni eign á árinu	6	(8.285.540)	(3.018.127)
Hrein eign frá fyrra ári		<u>288.599.786</u>	<u>291.617.913</u>
Hrein eign í árslok	6	<u>280.314.246</u>	<u>288.599.786</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	31.12.2016	31.12.2015
Eignir			
Langtímakröfur			
Óhafin framlög Landsvirkjunar	3	9.400.576	18.512.968
		<u>9.400.576</u>	<u>18.512.968</u>
Kröfur			
Virðisaukaskattur		97.405	112.162
Skammtímakröfur		0	706
		<u>97.405</u>	<u>112.868</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður	5	270.945.771	269.973.950
		<u>270.945.771</u>	<u>269.973.950</u>
		<u>280.443.752</u>	<u>288.599.786</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Annar ógreiddur kostnaður		129.506	0
		<u>129.506</u>	<u>0</u>
Hrein eign		<u>280.314.246</u>	<u>288.599.786</u>
 Hrein eign			
Óráðstöfuð heimild til úthlutunar	6	6.294.670	6.657.759
Framlag Alcoa til ráðstöfunar á næsta ári		0	3.225.000
Til ráðstöfunar síðar	6	274.019.576	278.717.027
Hrein eign samtals		<u>280.314.246</u>	<u>288.599.786</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Inngreiðslur			
Innborguð framlög Landsvirkjunar	3	9.525.937	8.939.481
Aðrar innborgaðar tekjur	6	233.050	3.483.448
Innborgaðir vextir	9	10.647.739	10.315.096
		<u>20.406.726</u>	<u>22.738.025</u>
Útgreiðslur			
Útborgaður landbótakostnaður og annar kostnaður		(19.434.373)	(18.112.141)
Vaxtagjöld	9	(532)	(110)
		<u>(19.434.905)</u>	<u>(18.112.251)</u>
 Hækkun á handbæru fé		971.821	4.625.774
Handbært fé í ársbyrjun		269.973.950	265.348.176
Handbært fé í lok árs		<u>270.945.771</u>	<u>269.973.950</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Starfsemi

Landbótasjóður Norður-Héraðs var stofnsettur árið 2003 og var skipulagsskrá hans staðfest af ráðherra í október það ár.

Markmiðið með stofnun sjóðsins er einkum að annast umsjón á framlagi Landsvirkjunar, skv. samningi við sveitarfélagið Norður-Hérað, um uppgæðslu til endurheimtu gróðurlendis sem tapast vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Í skipulagsskránni er markmiðum sjóðsins lýst nánar. Kemur þar meðal annars fram, að stjórn sjóðsins sé heimilt að nýta til úthlutunar úr sjóðnum jafngildi raunvaxta hvers árs að viðbættum 2,5% af eigin fé hans, þannig að sjóðurinn eyðist upp á eigi skemmri tíma en 40 árum, frá og með árinu 2003 að telja. Í skýringu nr. 5 hér á eftir er gerð grein fyrir hvaða fjárhæð var frjálst til úthlutunar á árinu og fyrra ári.

2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Í stað hefðbundins rekstrarreiknings inniheldur ársreikningurinn yfirlit um ráðstöfunarfé. Er þar gerð grein fyrir innborgun fjármuna til sjóðsins og ráðstöfun fjármuna til verkefna hans.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

3. Framlög Landsvirkjunar

Fjárframlög Landsvirkjunar samkvæmt samningi við Norður-Hérað nema alls kr. 200.000.000, og skulu þau greiddast á 15 árum. Framlögin eru verðtryggt með vísitölu byggingakostnaðar og er grunnvísitala miðuð við septembermánuð 2002, eða 277,6 stig.

Landsvirkjun hefur þegar greitt kr. 196.000.000 af ofangreindri fjárhæð, auk verðbóta. Samningsfjárhæðir sundurliðast þannig:

	2016	2015
Greidd framlög til þessa, nafnverð.....	196.000.000	192.000.000
Verðbætur við greiðslur.....	47.449.567	41.923.630
Greitt alls.....	243.449.567	233.923.630
Framlög til og með árinu 2017.....	4.000.000	8.000.000
Áfallnar verðbætur í árslok.....	5.400.576	10.512.968
Óhafin framlög samtals.....	9.400.576	18.512.968
	<u>252.850.143</u>	<u>252.436.598</u>

Skýringar og sundurliðanir

4. Framlög frá Alcoa

Landbótasjóður sótti um styrk til Alcoa Foundation. Styrkur hefur fengist til þriggja ára upp á USD 75.000 og greiðist jafnt yfir tímann, þ.e. USD 25.000 pr. ár. Styrkurinn er ætlaður til uppgræðslu á landi. Fyrsti hluti styrksins fékkst greiddur 2013 og var notaður 2014. Annar hluti styrksins fékkst greiddur 2014 og var notaður 2015. Seinni hlutinn fékkst greiddur 2015 og var notaður 2016.

5. Handbært fé

Handbært fé er ávaxtað á Bakhjalsreikningi hjá Sparisjóði Norðfjarðar.

6. Hrein eign

Breytingar á hreinni eign greinast þannig:

	2016	2015
Langtímahluti:		
Frá fyrra ári	278.717.027	283.385.630
Verðtrygging höfuðstóls	5.841.763	5.654.250
Laust til ráðstöfunar, 1/27 (1/28) hluti	(10.539.214)	(10.322.853)
	<u>274.019.576</u>	<u>278.717.027</u>
Skammtíamhluti:		
Frá fyrra ári	9.882.759	8.232.283
Til ráðstöfunar af höfuðstól, sjá ofar	10.539.214	10.322.853
Fjármunatekjur umfram verðtryggingu höfuðstóls	5.218.989	5.930.188
Hreindýraarður	232.344	259.154
Framlag frá Alcoa vegna kynningarferðar	0	0
Ráðstafað á árinu	(19.578.636)	(18.086.719)
Óráðstöfuð (ofráðstöfuð) heimild í árslok	<u>6.294.670</u>	<u>6.657.759</u>
Framlög frá Alcoa	<u>0</u>	<u>3.225.000</u>
Hrein eign samtals	<u>280.314.246</u>	<u>288.599.786</u>

7. Skattamál

Landbótasjóður Norður-Héraðs er undanþeginn tekjuskatti.

8. Ábyrgðir og veðsetningar

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings eru engar.

Skýringar og sundurliðanir

9. Önnur mál

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2016	2015
Vextir af bankareikningi	13.309.836	12.893.752
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	(2.662.097)	(2.578.656)
Vaxtagjöld	(532)	(110)
	<u>10.647.207</u>	<u>10.314.986</u>

10. Kostnaður við landbætur og annar kostnaður

Sundurliðast þannig:		
Áburður og fræ	12.314.056	12.129.953
Aðkeypt vinna verktaka	4.591.263	3.462.951
Flutningskostnaður	1.108.983	774.541
Styrkir til landgræðslu	0	450.000
Vinnulaun	720.948	515.710
Akstur	155.540	150.104
Tryggingagjald	63.842	52.960
Lífeyrissjóður	55.518	41.257
Endurhæfingarsjóður	653	670
Fundakostnaður	124.035	45.000
Annar ósundurliðaður kostnaður	37.943	0
Aðkeypt sérfræðþjónusta	405.855	463.573
	<u>19.578.636</u>	<u>18.086.719</u>